

hæli. Enn fremur flugmál, þar undir flugvallarekstur, svo og gæzla landhelginnar. 6

VI. Ráðherra Jóhann Þ. Jósefsson. Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem, ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna. Undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjár-aukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð, Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningasláttu. Yfir-leitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráð-herra. Þá heyra einnig undir hann Hagstofan, mæling og skrásetning skipa, og enn fremur sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og Fiskimálanefnd, síldarút-vegsmál (síldarverksmiðjur og Síldarútvegsnefnd), svo og utanríkisverzlun með sjávarafurðir.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður 31. maí 1945, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., svo og forsetaúrskurður frá 2. ágúst 1945, um breyt-ing á þeim úrskurði.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

um héraðsskjalasöfn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

1. gr.

Sýslunefnd og bæjarstjórn er heimilt að koma á fót í sýslunni eða kaupstað-um héraðsskjalasafni, er varðveiti á sem tryggilegastan hátt skjöl og handrit og aðrar ritaðar heimildir, sem snerta sérstaklega hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag og ekki ber að afhenda þjóðskjalasafninu, sbr. þó 3. gr., svo sem skjallag gögn félaga og stofnana, er styrks njóta af opinberu fé. Með reglugerð, sem sett verður samkv. 5. gr., má ákveða, að þessum aðilum sé skylt að láta slík skjöl af hendi við héraðs-skjalasafn. Í héraðsskjalasafni skal einnig varðveita kirkju- og manntalsbækur þær úr hlutaðeigandi kirkjusóknum, sem ritaðar eru samkv. 1. nr. 3 1945.

Heimilt er sýslunefndum og kaupstöðum að koma á fót sameiginlegu héraðs-skjalasafni fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað þar, sem það þykir betur henta og samkomulag næst um það, og er safnið þá sameign þessara aðila.

2. gr.

Þjóðskjalavörður hefur yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum, enda skal geymslustaður þeirra háður samþykki hans. Nú telur þjóðskjalavörður, að héraðsskjalasafni sé hætta búin sökum vanhírðu

7 eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar
12. febr. áskoranir, og getur hann þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið flytja safnið á þjóðskjalasafnið á kostnað þeirra aðila, er að safninu stóðu.

3. gr.

Nú hefur héraðsskjalasafni verið komið á fót samkv. 1. gr. og það fullnægir skilyrðum 2. gr. um húsnæði, enda telur þjóðskjalavörður að öðru leyti vel borgið stjórn safnsins og vörzlu skjalanna, og á þá safnstjórnin rétt á að fá til varðveislu á safninu eftirtalin skjalasöfn úr þeim sýslum og kaupstöðum, sem ákveðið er, að héraðsskjalasafnið nái til:

1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. — sýslunefnda og bæjarstjórna.
3. — hreppsnefnda.
4. — undirskattanefnda og yfirskattanefnda.
5. — sáttanefnda.

Enn fremur skjalasöfn þeirra annarra nefnda, sem annars er skylt að geyma á þjóðskjalasafninu, ef starfssvið þeirra nær ekki út fyrir þau sýslu- eða bæjarfélög, sem eru sameigendur héraðsskjalasafnsins á hverjum stað.

4. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr rikissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal afhendingu skjala til héraðsskjalasafna, varðveislu þeirra og afnot, og má ákveða í reglugerð viðurlög fyrir brot á fyrir mælum hennar, en slík brot skulu sæta meðferð opinberra mála.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fornleifum þeim, er þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita, er skylt að viðhalda á kostnað rikissjóðs, svo sem þjóðminjavörður telur nauðsynlegt til þess að fornleifarnar varðveitist, sbr. 8. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.